

Fundargerð aðalfundar Sýnar hf. 14. mars 2025

Föstudaginn 14. mars 2025 var aðalfundur Sýnar hf. haldinn rafrænt í gegnum aðalfundakerfi Lumi AGM. Hluthafar áttu þess jafnframt kost að mæta í höfuðstöðvar félagsins að Suðurlandsbraut 8, 108 Reykjavík, þaðan sem fundinum var streymt. Fundurinn hófst kl. 15:00.

Setning fundar – kjör fundarstjóra og fundarritara og lögmæti fundar

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður félagsins, setti fundinn og bauð fundargesti velkomna. Stjórnarformaður lagði til að Viðar Lúðvíksson lögmaður yrði kjörinn fundarstjóri. Tillagan var samþykkt og fundarstjóri tók við stjórn fundarins. Fundarstjóri gerði tillögu um að Unnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður yrði kjörin fundarritari og var tillagan samþykkt.

Fundarstjóri fór yfir fundarboðun en til fundarins var boðað með auglýsingu sem birtist í Kauphöll og á heimasíðu félagsins 21. febrúar 2025. Með fundarboðinu fylgdi dagskrá, ályktunartillögur til fundarins, skýrsla og tillögur tilnefningarnefndar og upplýsingar um réttindi hluthafa. Uppfærð dagskrá, meðal annars með nýrri dagskrártillögu, hefði verið birt 4. mars og endanlegar upplýsingar um framboð til stjórnar, varastjórnar og tilnefningarnefndar þann 10. mars 2025. Enginn hluthafi á fundinum hafði athugasemdir við hvernig boðað hafði verið til fundarins.

Til fundarins var mætt fyrir 33 hluthafa sem halda á 183.548.335 hlutum, eða sem nemur 74,12% heildarhlutafjár í félagini. Fundinn sátu jafnframt núverandi stjórnarmenn félagsins og forstjóri auk annarra úr framkvæmdastjórn þess. Þá sátu fundinn endurskoðendur frá endurskoðendaferma félagsins, KPMG hf.

Fundarstjóri greindi frá dagskrá fundarins eins og hún lá fyrir.

Fundarstjóri benti á að unnt væri að senda skilaboð og fyrirspurnir með rafrænum hætti til fundarstjóra í gegnum rafræna kerfið. Þeir sem mættu á höfuðstöðvar félagsins gætu tekið til máls úr pontu. Fundarstjóri kynnti að atkvæðagreiðsla fær eiengöngu fram rafrænt. Fundarstjóri vakti athygli á því að opnað hefði verið fyrir atkvæðagreiðslu fyrir allar fyrirliggjandi tillögur við setningu fundarins, en benti jafnframt á að breytingartillögur kynnu að hafa komið fram eða kynnu að koma fram á fundinum, sem gæti haft í för með sér breytta eða frekari atkvæðagreiðslu. Fundargestum væri hins vegar unnt að breyta eða uppfæra atkvæði sín allt þar til lokað yrði fyrir atkvæðagreiðslu um viðkomandi tillögu. Eftir kynningu á hverri tillögu fyrir sig yrði atkvæðagreiðslu vegna hennar lokað og úrslit atkvæðagreiðslunnar kynnt strax í framhaldinu. Engar athugasemdir voru gerðar við framangreint að hálfu fundagesta.

1. Skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins á liðnu starfsári

Hákon Stefánsson, stjórnarformaður félagsins kynnti skýrslu stjórnar fyrir síðastliðið starfsár. Í máli stjórnarformanns kom meðal annars fram að talsverðar breytingar hafi átt sér stað síðastliðið ár hjá félagini. Fókusinn hafi verið inn á við. Meðal þess sem farið var í var starfsþáttagreining, til að sjá hvernig ólíkir starfsþættir væru að skila sér í niðurstöðu. Markaðurinn komi til með að sjá niðurbrot á þessa þætti í 6 mánaða uppgjöri. Nýr forstjóri hafi tekið við í byrjun árs og ný framkvæmdastjórn hafi tekið til starfa undir lok ársins og ný stefna hafi verið innleidd síðastliðið haust. Fram undan væri vöxtur.

Stjórnarformaður þakkaði hluthöfum traustið og þolinmæðina og þakkaði nýjum hluthöfum fyrir að koma inn og hafa trú á féluginu og styðja félagið.

Halldór Kristmannsson, fyrir eigin hönd og fyrir hönd Aviva Invest ehf., kom á framfæri fyrirspurn til stjórnarformanns um hvers vegna Sýn horfði ekki til samstarfs eða samruna við önnur vaxtafyrirtæki og fleira. Stjórnarformaður ítrekaði að vinnan undanfarið hafi snúist um að styrkja innviði félagsins til að auðvelda sókn á markaði. Tækifæri væru hins vegar til staðar, bæði inn á við og út á við.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn annar óskaði eftir að taka til máls.

2. Ársreikningur félagsins fyrir liðið starfsár lagður fram til staðfestingar

Herdís Dröfn Fjeldsted, forstjóri félagsins, fór yfir ársreikning og rekstur félagsins á reikningsárinu 2024. Samhliða sagði forstjóri frá því að unnið hafi verið að því að treysta grunninn. Ný framkvæmdastjórn hafi tekið við hinn 1. nóvember síðastliðinn. Stoðir hafi verið skilgreindar; samvinna, skilvirkni og vöxtur. Önnur helstu verkefni hefðu m.a. verið sameining Sýnar, Endor og Já, starfsþáttagreining, samstarf á vegum Sendafélagsins og mat á tækifæri til annars samstarfs, nýir kaupréttsamningar, umfangsmikil hagræðing og endurskipulagning, einföldun stjórnskipulags og einföldun kerfislandslags. Erlend starfsemi Endor hafi verið seld út úr féluginu, nýtt áætlunarkerfi tekið upp og unnið að nýrri tæknistefnu. Þá hafi grunnur verið lagður að vexti ársins 2025 með nýrri stefnu, sýningarréttur að Ensku úrvalsdeildinni tryggður, unnið að einföldun vöruframboðs og framsetningu, endurskoðun dagskrástefnu og stefnumótum sem ráðist hafi verið í þvert yfir félagið.

Halldór Kristmannsson, fyrir eigin hönd og fyrir hönd Aviva Invest ehf., kom á framfæri fyrirspurn um í hvað fjármunir vegna sölu stofnnets Ljósleiðarans í september 2023 hefðu verið nýttir og hvers vegna lántaka hafi verið aukin á sama tíma og 3 milljarðar króna hefðu runnið til félagsins. Forstjóri upplýsti að nú þegar hafi fjármunum verið skilað til hluthafa í gegnum endurkaup og þeir að öðru leyti nýttir til uppgreiðslu skulda til erlendra birgja.

Halldór Kristmannsson, fyrir eigin hönd og fyrir hönd Aviva Invest ehf., kom á framfæri fyrirspurn um hvort vátryggingabætur vegna bruna og söluhagnaður vegna Endor væru hluti af kynntum rekstrarhagnaði að fjárhæð 740 m.kr. Forstjóri upplýsti að söluhagnaður og vátryggingabætur, 207 m.kr., væri inni í tölunni. EBIT næmi 370 m.kr. ef tekið væri tillit til þessa.

Fundarstjóri gaf orðið laust. Enginn annar tók til máls.

Fundarstjóri bar undir atkvæði tillögu stjórnar um að fyrirliggjandi ársreikningur félagsins fyrir árið 2024 yrði staðfestur.

Ársreikningurinn var samþykktur og staðfestur einróma án mótagkvæða.

3. Ákvörðun um hvernig skuli fara með afkomu félagsins á reikningsárinu 2024

Fyrir fundinum lá svofeld tillaga stjórnar um að ekki yrði greiddur út arður til hluthafa vegna rekstrarársins 2024 í ljósi afkomu undangengins rekstrarárs, fjárfestingaþarf, markmiða fjárværingarstefnu og ytra árferðis:

 2

„Stjórn leggur til að ekki verði greiddur arður vegna rekstrarársins 2024, en vísar að öðru leyti til ársreiknings hvað varðar ráðstöfun á afkomu ársins og breytingu á eigin fé.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án móttakvæða.

4. Tillaga um stefnu um arðgreiðslur og/eða endurkaup eigin hluta

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um óbreytta stefnu um arðgreiðslu og/eða endurkaup eigin hluta frá fyrra ári:

„Stjórn Sýnar hf. hefur markað félagini þá stefnu að lögð skuli áhersla á að félagið skili til hluthafa sinna, beint eða óbeint, þeim verðmætum sem skapast í rekstrinum á hverju ári, umfram nauðsynlegar fjárfestingar í rekstrarfjármunum. Í því skyni hefur félagið einkum þrjá valkost: beinar arðgreiðslur, niðurgreiðslu vaxtaberandi skulda og kaup á eigin hlutabréfum. Stefnir félagið að því að skila hluthöfum verðmætum sem nema 30%-60% af hagnaði eftir skatta í samræmi við gildandi lög og reglur hverju sinni. Þegar sérstaklega stendur á, svo sem í kjölfar sölu eigna, stefnir félagið á að skila hluthöfum verðmætum umfram framangreind viðmið. Endanlegt framlag hvers árs mun ráðast af fjárhagslegri stöðu félagsins, fjárfestingabörf og markaðsaðstæðum.“

Fundarstjóri gaf orðið laust um tillöguna en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án móttakvæða.

5. Tillaga um starfskjarastefnu félagsins

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um starfskjarastefnu félagsins.

„Stjórn Sýnar hf. leggur til við aðalfund þann 14. mars 2025 að uppfærð starfskjarastefna verði samþykkt. Uppfærð starfskjarastefnan verður aðgengileg á vefsíðu félagsins: <https://syn.is/fjarfestatengsl/adalfundur>.“

Þær breytingar sem stjórn leggur til, að fenginni tillögu frá starfskjaranefnd, eru eftirtaldar:

- 1) Grein 3.3. (Starfskjör almennt) skal vera svohljóðandi: „Auk fastra launa geta starfsmenn notið afsláttar eða fríðinda í formi aðgangs að þjónustu félagsins, afnota af búnaði tengdum starfi og annarra tengdra hlunninda. Félagini er jafnframt heimilt að veita árangurstengdan kaupauka til starfsmanna í samræmi við skilgreind einstaklingsbundin árangursviðmið og fyrirliggjandi rekstraráætlun sem eru til þess fallin að styðja við markmið félagsins og stuðla að langtímaárangri Sýnar. Við starfslok skal almennt ekki samið um lífeyris- eða starfslokagreiðslur umfram það sem fram kemur í ráðningarsamningi.“
- 2) Grein 4.1. (Kaupaukar) skal vera svohljóðandi: „Stjórn Sýnar er heimilt, að fenginni umsögn starfskjaranefndar, að ákveða kaupauka til forstjóra, æðstu stjórnenda og lykilstarfsmanna á grundvelli árangurstengdra viðmiða. Kaupaukar geta verið í formi reiðufjár, lífeyrisréttinda eða

hlutabréfatengdra greiðslna og eru umfram föst laun. Kaupaukar skulu taka mið af fjárhagslegri frammistöðu félagsins, einstaklingsbundnum árangursmarkmiðum og stefnumótandi þáttum sem stuðla að langtímaárangri Sýnar og hluthafa. Kaupaukar eru háðir því að skilgreind árangursviðmið séu uppfyllt og skulu þeir einungis greiddir þeim sem starfa hjá féluginu við greiðslu. Þá skal þess gætt við ákvörðun kaupauka að samræmi sé á milli afkomu og/eða breytinga á afkomu félags og hámarks fjárhæðar kaupauka. Hámark kaupukagreiðslna skal ákvæði þessu skal nema allt að fimm mánaða grunnlaunum hlutaðeigandi starfsmanns. Stjórn félagsins getur sett viðbótar árangursviðmið fyrir forstjóra í tengslum við samþykkt rekstraráætlunar. Ef kaupauki er greiddur á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga skal heimilt að endurkrefja hann innan 12 mánaða frá greiðslu.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til málss. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

6. Tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum (sem getið verður í viðauka við samþykktir félagsins)

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum:

„Aðalfundur Sýnar hf. haldinn 14. mars 2025 samþykkir að veita stjórn félagsins heimild, á grundvelli 55. gr. laga um hlutafélag, nr. 2/1995, til að kaupa fyrir hönd félagsins allt að 10% af hlutafé þess. Heimild þessi skal nýtt í þeim tilgangi að koma á viðskiptavakt með hluti í féluginu, setja upp formlega endurkaupaáætlun eða til að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þáttöku í slíkum viðskiptum. Tilgangur félagsins með endurkaupum er að lækka hlutafé félagsins og/eða að gera féluginu kleift að standa við skuldbindingar sínar skv. kaupréttarsamningum við starfsmenn. Við endurkaup skal hæsta leyfilega endurgjald fyrir hvern hlut ekki vera hærra en sem nemur verði síðustu óháðu viðskipta eða hæsta fyrirliggjandi óháða kauptilboði í þeim viðskiptakerfum þar sem viðskipti með hlutina fara fram, hvort sem er hærra. Viðskipti félagsins með eigin hluti skulu tilkynnt í samræmi við lög og reglugerðir. Heimild þessi gildir í 18 mánuði frá samþykkt hennar. Aðrar eldri heimildir til kaupa á eigin hlutum falla úr gildi við samþykkt heimildar þessarar.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til málss. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótatkvæða.

7. Ákvörðun um þóknun til stjórnarmanna fyrir komandi starfsá

Fyrir fundinum lá svofelld tillaga um þóknun til stjórnarmanna, óbreytt frá fyrra ári:

„Stjórn leggur til við aðalfund að stjórnarlaun komandi starfsárs verði sem hér segir:

- Stjórnarformaður fái kr. 625.000 á mánuði
- Varaformaður fái kr. 470.000 á mánuði
- Aðrir stjórnarmenn fái kr. 310.000 á mánuði



- d) Varastjórnarmenn fái kr. 125.000 fyrir hvern setinn fund
- e) Formenn undirnefnda fái kr. 125.000 á mánuði
- f) Aðrir nefndarmenn undirnefnda fái kr. 65.000. á mánuði, sbr. þó g. liður
- g) Utanaðkomandi ráðgjafar undirnefnda og tilnefningarnefndar, fái greitt á grundvelli samþykks tilboðs. Greiðslur til endurskoðenda skulu jafnframt vera samkvæmt samþykktu tilboði.“

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til máls. Fundarstjóri bar framangreinda tillögu undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án móttakvæða.

8. Tilnefningarnefnd kynnir skýrslu sína og tillögur

Guðríður Sigurðardóttir, ritari tilnefningarnefndar, kynnti skýrslu og tillögu tilnefningarnefndar.

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af hálfu tilnefningarnefndar til setu í stjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir
- Páll Gíslason
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer

Eftirtaldir aðilar voru tilnefndir af hálfu tilnefningarnefndar til setu í varastjórn félagsins:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Fundarstjóri gaf orðið laust undir þessum dagskrálið. Enginn tók til máls.

9. Kosning stjórnar félagsins

Eftirtaldir aðilar gáfu kost á sér til setu í stjórn félagsins:

- Hákon Stefánsson
- Heiðrún Lind Marteinsdóttir
- Páll Gíslason
- Petrea Ingileif Guðmundsdóttir
- Ragnar Páll Dyer



5

Í framboði til varastjórnar voru eftirtaldir aðilar:

- Daði Kristjánsson
- Ingibjörg Ásdís Ragnarsdóttir

Fundarstjóri gaf orðið laust en enginn tók til máls.

Sjálfkjörið var í stjórn og varastjórn félagsins án athugasemda. Stjórnarfólk var boðið velkomið til starfa og fyrri stjórn þakkað sitt framlag í þágu félagsins með lófataki.

10. Kosning tveggja fulltrúa í tilnefningarnefnd félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar og starfsreglur tilnefningarnefndar

Fundarstjóri kynnti að eftirtaldir aðilar gæfu kost á sér til setu í tilnefningarnefnd félagsins:

- Guðríður Sigurðardóttir
- Þróstur Olaf Sigurjónsson

Fundarstjóri kannaði hvort einhver óskaði eftir að taka til máls undir þessum dagskrárið. Svo var ekki.

Sjálfkjörið var í framangreind tvö sæti í tilnefningarnefnd. Fundarstjóri óskaði frambjóðendum til hamingju með kjörið sem tekið var undir með lófataki.

11. Tillaga stjórnar að endurskoðunarfirma félagsins

Fyrir fundinum lá tillaga um að KPMG ehf. yrði kjörið endurskoðunarfélag félagsins.

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um tillöguna. Enginn óskaði eftir að taka til máls. Fundarstjóri bar tillöguna undir atkvæði.

Tillagan var samþykkt einróma án mótagkvæða.

12. Tillaga stjórnar um utanaðkomandi nefndarmann í endurskoðunarnefnd

Fyrir fundinum lá tillaga um að Erik Ingvar Bjarnason, löggiltur endurskoðandi, yrði kosinn utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

Fundarstjóri bauð fundargestum að tjá sig um tillöguna. Enginn óskaði eftir að taka til máls.

Erik Ingvar Bjarnason var sjálfkjörinn sem utanaðkomandi nefndarmaður í endurskoðunarnefnd.

13. Tillaga Newsmith Capital um reglulega birtingu fjárfestingaráætlunar

Fyrir fundinum lá tillaga hluthafans Newsmith Capital um að fundurinn álykti að félagið innleiði verklag þar sem fjárfestingaráætlun þess verði birt opinberlega árlega og uppfærð fjórðungslega.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Kristjánsson".

6

Tillagan barst og lá frami í lögboðinn tíma. Fundarstjóri upplýsti að stjórn félagsins hefði lagt fram svofellda breytingartillögu:

„Aðalfundur Sýnar hf. ályktar að félagið innleiði verklag þar sem fjárfestingaáætlun þess, að undanskildum viðskiptalega viðkvæmum upplýsingum, verði birt opinberlega árlega.“

Fundarstjóri gerði grein fyrir meginefni greinargerðar stjórnar með breytingartillöggunni. Fundarstjóri upplýsti að honum hefði verið tjáð að hluthafinn Newsmith Capital hefði lýst því yfir að hann styddi breytingartillöguna. Fundarstjóri kvaðst leggja þann skilning í þá afstöðu Newsmith Capital að Newsmith Capital hefði þannig fallið frá upphaflegri tillögu sinni. Fundarstjóri lagði til í því ljósi að einungis yrðu greidd atkvæði um breytingartillögu stjórnar félagsins, en ekki um upphaflega tillögu Newsmith Capital. Fundarstjóri innti fundargesti eftir því hvort þeir hefðu athugasemdir þar að lútandi, en engar athugasemdir voru gerðar við þá tilhögun.

Fundarstjóri bar breytingartillögu stjórnar undir atkvæði. Í kjölfar fyrirspurnar áréttar að fundarstjóri sérstaklega að þrátt fyrir yfirskrift á atkvæðagreiðslunni í rafræna fundarkerfinu væri einungis kosið um breytingartillöguna en ekki upphaflega tillögu Newsmith Capital. Engar athugasemdir voru gerðar við framkvæmd atkvæðagreiðslunnar af hálfu fundargesta.

Tillagan var samþykkt einróma án móttakvæða.

14. Önnur mál löglega upp borin

Engar frekari tillögur lágu fyrir fundinum. Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál. Enginn tók til máls.

Fundarstjóri bauð hluthöfum því næst að fundargerðin yrði lesin upp og fundargestum gefinn kostur á að gera athugasemdir við hana, en enginn fundargesta óskaði þess. Upplestri var því sleppt.

Fundarstjóri þakkaði viðstöddum fyrir sitt framlag, óskaði stjórnarfólki og öðrum til hamingju með kjörið og þakkaði ritara fundarins.

Fleira var ekki gert og var aðalfundi félagsins slitið kl. 16:05.



Viðar Lúðvíksson fundarstjóri



Unnur L. Hermannsdóttir fundarritari